

Viðbragðsáætlun

COVID-19

Viðbragðsáætlun til að draga úr
áhrifum COVID-19 á borgaralegar
fermingar

11.03.2020



Siðmennt

Til fermingarbarna, aðstandenda,
leiðbeinenda og athafnarstjóra.
Samþykkt af stjórn 7. mars 2020.

Viðbragðsáætlun til að draga úr áhrifum COVID-19 faraldursins á borgaralegar fermingar

Þessari áætlun er ætlað að tryggja heilsu og vellíðan þeirra sem taka þátt í borgaralegri fermingu á vegum Siðmenntar meðan hættuástand ríkir vegna veirunnar Covid-19. Áætlunin er samin með hliðsjón af aðgerðum yfirvalda til að stemma stigu við útbreiðslu veirunnar.

Markmið

- Að áhrif COVID-19 faraldursins og aðgerða yfirvalda við henni á upplifun fermingarbarna og foreldra þeirra við borgaralega fermingu verði eins lítil og unnt er.
- Að tryggja að fyllstu varúðar sé gætt, bæði í fermingarfræðslu og fermingarathöfnum, til að lágmarka hættu á smiti.

Fermingarfræðsla

Fermingarfræðsla fer fram í 10–25 barna hópum. Starfsemi skóla hefur enn ekki verið takmörkuð og heldur fermingarfræðsla áfram meðan svo er.

Viðbrögð í núverandi stöðu eru sem hér segir:

- Siðmennt fylgir tilmælum sóttvarnarlæknis og heldur fræðslu áfram þar til leiðbeiningar berast um annað.
- Leiðbeinendur fá almennar ábendingar til þess að hafa í huga í kennslu, svo sem um það með hvaða hætti sé hægt að draga úr líkum á smiti í kennslustund.
- Allir þátttakendur búi sig undir breytingar vegna hugsanlegs banns við hefðbundinni kennslu í bekkjum.

Möguleikar ef kennslustundir verða bannaðar:

- Kennslu frestað þar til hættan er liðin hjá.
- Allir nemendur stunda fjarnám.

Fermingarathafnir

Stjórn Siðmenntar fylgist vel með tilmælum heilbrigðisyfirvalda og fylgir leiðbeiningum frá þeim í einu og öllu. Ef nýjar upplýsingar berast mun stjórn endurmeta stöðuna og færa viðbúnað upp og niður viðbragðsstigann eftir því sem við á.

Viðbragðsstig 1

Verklag í athöfnum uppfært:

- Ekki tekið í hönd fermingarbarna.
- Athafnaskrár í stöflum, ekki afhentar sérstaklega.
- Fyllstu varúðar gætt við frágang skírteina.
- Sótthreinsivökvi aðgengilegur við inngang.
- Ströng tilmæli um að einstaklingar með flensueinkenni eða í áhættuhópi haldi sig heima.

Áhrif á fermingarbörn: Hverfandi.

Áhrif á undirbúning: Lítil.

Viðbragðsstig 2

- Gestum hvers fermingarbarns fækkað úr 8–10 í 4–5 til að minnka athafnir niður í 400–500 manns.
- Boðið upp á nýjar dagsetningar haustið 2020 fyrir þau sem kjósa að fresta sinni fermingu.
- Önnur tilmæli frá viðbragðsstigi 1 í gildi.

Áhrif á fermingarbörn: Gestum fækkað – annars lítil.

Áhrif á undirbúning: Lítil.

Viðbragðsstig 3

- Tvær athafnir fara fram í einu til að fækka niður í 200–250 manns.
- Boðið upp á nýjar dagsetningar haustið 2020 fyrir þau sem kjósa að fresta sinni fermingu.
- Önnur tilmæli frá viðbragðsstigi 1 og 2 í gildi.

Áhrif á fermingarbörn: Lítil, ef hægt er að halda sömu tímasetningum.

Áhrif á undirbúning: Umtalsverð – flækjustig eykst.

Viðbragðsstig 4

- Athöfnum fjölgað og þeim dreift á alla helgina, þannig að hámarksfjöldi í athöfn sé 100 manns (20 fermingarbörn).
- Í boði verður athafnarhandrit (DIY kit) svo foreldrar geti haldið eigin athöfn.
- Boðið upp á nýjar dagsetningar haustið 2020 fyrir þau sem kjósa að fresta sinni fermingu.
- Önnur tilmæli frá viðbragðsstigi 1 og 2 í gildi.

Áhrif á fermingarbörn: Nokkur – tímasetningar breytast fyrir marga.

Áhrif á undirbúning: Mjög mikil – flækjustig eykst verulega.

Viðbragðsstig 5

- Athöfnum frestað um óákveðinn tíma.
- Í boði verður athafnarhandrit (DIY kit) svo foreldrar geti haldið eigin athöfn.

Áhrif á fermingarbörn: Veruleg. Þeirra mat hvort þau haldi samt veislur.

Áhrif á undirbúning: Veruleg – Hver og ein fjölskylda metur hvort samt verði haldin veisla, þótt sjálfri útskriftini sé ólokið.



Siõmennt